



Viðtakandi: Borgarráð
Sendandi: Skrifstofa borgarstjórnar

Reykjavík, 12. febrúar 2026
MSS25010215

SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Svar við fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um afdrif tillagna Reykjavíkurráðs ungmenna frá 27. febrúar 2024

Á fundi borgarráðs 30. janúar 2025 lögðu borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins fram svohljóðandi tillögu um afdrif tillagna Reykjavíkurráðs ungmenna frá 27. febrúar 2024:

Óskað er eftir því að greinargerð verði lögð fyrir borgarráð um afdrif þeirra tillagna, sem lagðar voru fram á sameiginlegum fundi borgarstjórnar og Reykjavíkurráðs ungmenna 27. febrúar 2024. Í greinargerðinni komi fram með skýrum hætti með hvaða hætti viðkomandi tillögur voru afgreiddar og hvort þær hafi komist efnislega til framkvæmdar.

Meðfylgjandi eru tillögur fulltrúa Reykjavíkurráðs ungmenna frá fundi borgarstjórnar 28. febrúar 2024 ásamt afdrifum þeirra

1. Tillaga fulltrúa í ungmennaráði Vesturbæjar, Miðbæjar og Hlíða um hækkun launa í Vinnuskóla Reykjavíkur

Tillagan var lögð fram á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 10. apríl 2024:

Lögð fram að nýju tillaga fulltrúa ungmennaráðs Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða, sbr. 1. liður fundargerðar borgarstjórnar og Reykjavíkurráðs ungmenna, dags. 27. febrúar 2024, sem vísað var til meðferðar umhverfis- og skipulagsráðs. Tillaga ungmennaráðsins er svo hljóðandi:

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að hækka laun unglunga í Vinnuskóla Reykjavíkur frá og með næsta sumri í samræmi við breytingar á launavísitölu frá því að síðasta launahækkun var gerð.

Lögð fram svohljóðandi breytingartillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

Lagt er til að laun unglunga í Vinnuskóla Reykjavíkur hækki frá og með næsta sumri í samræmi við breytingar á launavísitölu frá því að síðasta launahækkun tók gildi vorið 2022. Jafnframt er lagt til að umrædd laun séu fest við launaflokk 217 til framtíðar í hlutfalli við áðurnefnda hækkun.

Breytingartillagan er felld með fjórum atkvæðum fulltrúa Samfylkingarinnar, Framsóknar, Pírata og Viðreisnar.



Reykjavík



Lögð fram svohljóðandi breytingartillaga fulltrúa Samfylkingarinnar, Framsóknar, Pírata og Viðreisnar:

Lagt er til að laun nemenda Vinnuskólans séu fest við launaflokk 217 (grunnlaunaflokkur í kjarasamningi Sameykis og Reykjavíkurborgar), dagvinnukaup 2555 kr. á klst. Laun nemenda ár hvert miðist þá við launaflokk 217 1. janúar þess árs. Nemendur í 8. bekk fái greidd 30% af launaflokki 217, nemendur í 9. bekk 40% af launaflokki 217 og nemendur í 10. bekk 50% af launaflokki 217, sbr. framlagt bréf umhverfis- og skipulagssviðs.

Breytingartillagan er samþykkt með fjórum atkvæðum fulltrúa Samfylkingarinnar, Framsóknar, Pírata og Viðreisnar. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Tillagan er samþykkt svo breytt.

2. Tillaga fulltrúa í ungmennaráði Vesturbæjar, Miðbæjar og Hlíða um að tryggja starfsemi Hinsegin félagsmiðstöðvarinnar

Tillagan var lögð fram á fundi skóla- og frístundaráðs þann 26. ágúst 2024:

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 26. ágúst 2024 var lagt fram bréf skrifstofu borgarstjórnar, dags. 5. apríl 2024, þar sem svohljóðandi tillögu fulltrúa í ungmennaráði

Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða, sbr. 2. lið fundargerðar borgarstjórnar dags. 27. febrúar 2024, er vísað til meðferðar skóla- og frístundaráðs, ásamt minnisblaði sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 19. ágúst 2024:

Lagt er til að borgarstjórn samþykki nægjanlegt fjármagn til að tryggja starfsemi Hinsegin félagsmiðstöðvar þannig að hún verði föst félagsmiðstöð í stað þess að vera sértækt verkefni sem fær styrki til að starfa.

Greinargerð fylgdi.

Tillögunni er vísað frá með fjórum atkvæðum skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Framsóknarflokksins og Pírata gegn atkvæði skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sósíalistaflokks Íslands. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja hjá.

3. Tillaga fulltrúa í ungmennaráði Breiðholts um aukna áherslu á nútíma samfélagsfræði í grunnskólum:

Tillagan var lögð fram á fundi skóla- og frístundaráðs þann 26. ágúst 2024:

Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjórnar, dags. 8. apríl 2024, þar sem svohljóðandi tillögu fulltrúa í ungmennaráði Breiðholts, sbr. 3. lið fundargerðar borgarstjórnar dags. 27. febrúar 2024, er vísað til meðferðar skóla- og frístundaráðs, ásamt minnisblaði sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 12. ágúst 2024:



Reykjavík



Lagt er til að borgarstjórn samþykki að fela skóla- og frístundasviði að gera nauðsynlegar breytingar til að grunnskólar leggi meiri áherslu á nútíma samfélagsfræði í grunnskólum og þar með umfjöllun um það sem er að gerast í samfélaginu hverju sinni frá og með hausti 2024.

Greinargerð fylgdi.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Framsóknarflokksins og Pírata lögðu fram svohljóðandi breytingartillögu:

Lagt er til að grunnskólar leggi meiri áherslu á nútíma samfélagsfræði í grunnskólum og þar með umfjöllun um það sem er að gerast í samfélaginu hverju sinni frá og með vorönn 2025.

Breytingartillagan var samþykkt.

Tillagan er samþykkt svo breytt.

4. Tillaga fulltrúa í ungmennaráði Árbæjar og Holta um innleiðingu nýrrar strætóleiðar fyrir úthverfi Reykjavíkurborgar

Tillagan var lögð fram á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 22. janúar 2025:

Lögð fram að nýju tillaga fulltrúa í ungmennaráði Árbæjar og Holta um innleiðingu nýrrar strætóleiðar fyrir úthverfi Reykjavíkurborgar, sbr. fundargerð borgarstjórnar, dags. 27. febrúar 2024. Einnig er lögð fram umsögn umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgangna og borgarhönnunar, dags. 20. janúar 2024 ásamt fylgigögnum.

Felld með fjórum atkvæðum fulltrúa Samfylkingar, Framsóknar, Pírata, Viðreisnar, gegn tveimur atkvæðum Sjálfstæðisflokksins. Fulltrúi Vinstri grænna situr hjá við afgreiðslu málsins. MSS24020129

5. Tillaga fulltrúa í ungmennaráði Laugardals, Bústaða og Háaleitis um tvær kvöldopnanir á viku í sértæku félagsmiðstöðinni Öskju

Tillagan var lögð fram á fundi skóla- og frístundaráðs þann 26. ágúst 2024:

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 26. ágúst 2024 var lagt fram bréf skrifstofu borgarstjórnar, dags. 8. apríl 2024, þar sem svohljóðandi tillögu fulltrúa í ungmennaráði Laugardals, Bústaða og Háaleitis, sbr. 5. lið fundargerðar borgarstjórnar dags. 27. febrúar 2024, er vísað til meðferðar skóla- og frístundaráðs, ásamt minnisblaði sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 30. júlí 2024:

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að fela skóla- og frístundasviði að vinna tillögu að breytingu á opnunartíma félagsmiðstöðvarinnar Öskju þannig að hægt sé að vera með tvær kvöldopnanir vikulega frá og með hausti 2024.

Greinargerð fylgdi.



Tillagan var felld með fjórum atkvæðum skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Framsóknarflokksins og Pírata gegn þremur atkvæðum skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins og Sósíalístaflokks Íslands.

6. Tillaga fulltrúa í ungmennaráði Laugardals, Bústaða og Háaleitis um um að lengja opnunartíma í félagsmiðstöðvum og aukið samráð við ungmenni

Tillagan var lögð fram á fundi skóla- og frístundaráðs þann 26. ágúst 2024:

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 26. ágúst 2024 var lagt fram bréf skrifstofu borgarstjórnar, dags. 8. apríl 2024, þar sem svohljóðandi tillögu fulltrúa í ungmennaráði Laugardals, Bústaða og Háaleitis, sbr. 6. lið fundargerðar borgarstjórnar dags. 27. febrúar 2024, er vísað til meðferðar skóla- og frístundaráðs, ásamt minnisblaði sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 30. júlí 2024:

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að lengja kvöldopnunartíma í félagsmiðstöðvum frá 1. janúar 2025 og að viðhafa samráð við ungmennaráð framvegis þegar kemur að breytingum sem varða frístundastarf unglinga.

Greinargerð fylgdi.

Tillagan er felld með fjórum atkvæðum skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Framsóknarflokksins og Pírata gegn þremur atkvæðum skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins og Sósíalístaflokks Íslands.

7. Tillaga fulltrúa í ungmennaráði Kjalarness um aukna tíðni strætóferða til og frá Kjalarnesi

Tillagan var lögð fram á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 22. janúar 2025:

Lögð fram að nýju tillaga fulltrúa í ungmennaráði Kjalarness um aukna tíðni strætóferða til og frá Kjalarnesi, sbr. fundargerð borgarstjórnar, dags. 27. febrúar 2024. Einnig er lögð fram umsögn umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgangna og borgarhönnunar, dags. 20. janúar 2024 ásamt fylgigögnum.

Samþykkt og umhverfis- og skipulagssviði falið að útfæra tillögu um aukna tíðni í samráði við Strætó bs. í tilraunaskyni til eins árs. MSS24020132

